



BORGARSKJALASAFN
REYKJAVÍKUR

Einkaskjalasafn nr. 38

Gufupressan Stjarnan hf.

Laugavegi 73



Laugavegur 73. Myndin er tekin 1946.

Borgarskjalasafn Reykjavíkur, Tryggvagötu 15, 101 Reykjavík

www.borgarskjalasafn.is / borgarskjalasafn@reykjavik.is

Einkaskjalasafn nr. 38

Gufupressan Stjarna hf.

Stofnendur: Elly Magnússon (fædd Larsen, seinna Salómonsson), f. 23. febrúar 1905 í Danmörku, d. 23. apríl 1966 í Reykjavík og Þórarinn Magnússon, f. 14. júní 1897 á Ísafirði, d. 31. desember 1935 í Reykjavík. Eina barn þeirra, Benny Hrafn Magnússon, f. 2. okt. 1925 í Kaupmannahöfn, d. 11. maí 2010 í Reykjavík, er faðir okkar.

Elly og Þórarinn kynntust í Kaupmannahöfn þar sem Elly bjó og starfaði, en Þórarinn var háseti á dönskum millilandaskipum sem sigldu frá Kaupmannahöfn (d. matros på handelskibe). Elly og Þórarinn giftu sig í Kaupmannahöfn árið 1925 og bjuggu þar þangað til þau fluttu til Reykjavíkur í september 1932. Þau stofnuðu Stjörnuna og hófu starfsemina 14. október 1932 í Kirkjustræti 10, Reykjavík, sbr. tilkynningar þar um í Vísi, Morgunblaðinu og Alþýðublaðinu 13. okt. 1932.

Stjarnan byrjaði sem gufupressun og gufuhreinsun (= bletthreinsun), þ.e. fötin voru ekki hreinsuð (=kemísk-hreinsuð) til að byrja með. Elly lærði fatahreinsun og -pressun í Kaupmannahöfn áður en þau fluttust til Íslands (hún er titluð fatasérfræðingur í Íslendingabók). Auk aðstöðunnar í Kirkjustræti 10 var einnig aðstaða í bakhúsi að Kirkjustræti 10, í timburhúsi skúr sem löngu er búið að rífa. Elly og Þórarinn störfuðu bæði í fyrirtækinu og höfðu nokkra starfsmenn í vinnu.

Við vitum ekki hversu margar fatapressurnar voru í upphafi (alla vega tvær), við vitum heldur ekki hvaða tæki önnur voru á staðnum. Fyrstu tvö árin a.m.k. voru fötin sem komu til pressunar fyrst hreinsuð í Efnalaug Reykjavíkur, Laugavegi 32b, og síðan pressuð í Stjörnuni. Greiddu Elly og Þórarinn fyrir þá þjónustu. Jafnframt voru þau á samstarf við klæðskera sem gerði við föt ef þörf var á. Árið 1934 færðu Elly og Þórarinn út kvíarnar og keyptu vélar til kemískrar hreinsunar og gátu því bæði hreinsað og pressað fötin í Stjörnuni. Fjölskylda Ellyar í Danmörku sá um að kaupa og senda vélarnar til Íslands.

Þórarinn lést 31. des. 1935 úr magakrabba. Eftir það rak Elly Stjörnuna ein um skeið samhliða því að reka heimili. Árið 1941 giftist Elly Haraldi Salómonssyni, pípulagningameistara (f. 4. okt. 1908, d. 3. júlí 1971). Þau gerðu með sér kaupmála um að fyrirtækið væri séreign Ellyar. Árið 1944 keyptu Elly og Haraldur húseignina að Laugavegi 73 í Reykjavík (sjá afsal tveggja fyrri eigenda í skjölum) og fluttu starfsemi Stjörnunnar þangað í nóvember sama ár, sbr. meðfylgjandi auglýsingu í Morgunblaðinu 5. nóv. 1944. Þau bjuggu lengst af í íbúðarhúsinu við götuna (stofan var þar sem lengi var Töskuhúsið, undanfarin ár

hafa verið þar barir og veitingahús). Stjarnan var í kjallaranum baka til (gengið niður allmargar tröppur) og Haraldur rak pípulagningaverkstæði í kjallaranum framan til. Hann vann aldrei í fyrirtækinu.

Keyptar voru nýjar og fullkomnari hreinsivélar, þ.m.t. fatapressan og axlapressan sem Árbæjarsafnið hefur nú fengið. Þessar vélar voru notaðar þangað til starfsemi fyrirtækisins var hætt. Benny, faðir okkar fór að vinna í Stjörnunni með móður sinni strax sem unglingur. Fyrst sem sendill og síðar við fatahreinsun og pressun. Hann var lærður vélstjóri og vann við það í nokkur ár, bæði á sjó og við virkjanir. Um 1955 fór hann alfarið til starfa í Stjörnunni og unnu þau saman þar mæðginin. Þegar Elly dó (23. apr. 1966) tóku Benny og eiginkona hans, Steina Þóra Þorbjörnsdóttir (f. 30. nóv. 1930, d. 3. mars 1996), við rekstrinum og ráku fyrirtækið saman þar til þau hættu starfseminni 31. desember 1981. Firmanafnið var ekki lagt niður. Það hefur verið í eigu Skúla G. Sigfússonar, dóttursonar Haraldar Salómonssonar, frá ágúst 1993 og er notað sem rekstrarfélag fyrir Subway.

Á fyrstu árum Stjörnunnar störfuðu fleiri karlar en konur við fyrirtækið, mest 4-5 karlar. Þegar mest var að gera í Stjörnunni, ca. 1955–1965, voru um 10 manns í vinnu og þá meirihlutinn konur. Síðustu árin unnu þar eingöngu konur auk fjölskyldunnar. Fjölskyldan vann öll í fyrirtækinu, þó ekki samtímis, þ.e.a.s. Elly, Benny, Ellý og Auður (dætur Ellyar og Haraldar og hálsystur Bennys), Helga (dóttir Haraldar), Steina og seinna við systkinin; Björn, María og Þóra, sem unnum þar í öllum jóla-, páska- og sumarfríum þegar við höfðum aldur til. Síðustu 10 árin sem fyrirtækið starfaði voru starfsmennirnir þrír (konur) fyrir utan fjölskylduna.

Vélar og annar búnaður: Eins og nafnið bendir til, gufupressan, byggðist pressunin á gufu (vatn undir þrýstingi). Þess vegna var í Stjörnunni stór gufuketill í s.k. ketilhúsi.

Hreinsivélar voru tvær. Hreinsiefni sem notuð voru: tríklór, fram til ~1975 þegar hann var bannaður, eftir það perklór eða white spirit. Seinustu ár starfseminnar var eingöngu notað white spirit á hreinsivélarnar.

2 vindur og 2 þurrkarar.

3 borð þar sem föt voru bletthreinsuð með gufu.

Gufupressur voru fjórar, axlapressur tvær.

Hreinsunin – ferlið: Tekið var á móti öllu sem þvottahúsin ekki tóku við, þ.e. kven- og karlmannsfötum, gardinum, teppum, púðaverum, áklæði, dúkum og höttum. Ekki var tekið við karlmannsskyrtum, nærfötum, sokkum, handklæðum og rúmfötum. Þess verður að geta að í

Þá daga voru flest föt saumuð úr efni (ull, krep, silki, satin o.fl.) sem illa eða ekki þoldi þvott. Nú eru breyttir tímar og flest allt sett í þvottavélina.

1. Tekið var á móti fötunum, tekið niður nafn og heimilisfang viðskiptavinar og honum afhentur númeraður seðill með dagsetningu þegar fötin voru tilbúin.
2. Fötin merkt með litlum merkimiðum sem klemmdir voru í fötin eða skrifað í buxnavasana (á röngunni). Vasar tæmdir og þeim snúið út. Föt flokkuð; almenn föt, viðkvæm föt.
3. Fötin hreinsuð í hreinsivél og hreinsiefnið undið úr fatnaðinum.
4. Fötin sett í þurrkara sem þurrkaði hreinsiefnið úr.
5. Fötin skoðuð, bletthreinsuð með gufu eftir þörfum. Ef bletthreinsun dugði ekki voru fötin þvegin eða skrúbbuð í höndunum á stóru þvottaborði. Síðan sett í þeytivindu og hengd til þerris í ketilhúsi.
6. Fötin pressuð og gengið frá þeim á herðatré. Viðkvæmur fatnaður eins og kvenblússur voru straujaðar. Fötin merkt með sýnilegum merkimiðum og hengd í fatageymslu þar til þau voru sótt.
7. Þegar föt voru sótt voru þau brotin saman eftir kúnstarinnar reglum og pakkað inn í umbúðapappír. Send í póströfu út á land. Um tíma, ~1966–1976, var tekið á móti fötum til hreinsunar og þau afhent hrein í versluninni Björk á Álfhólsvegi 57 í Kópavogi (e.k. bílskúrsverslun). Meðan ég man eftir mér gáfu efnalaugaeigendur út sameiginlega verðskrá þar sem verð fór eftir gerð flíkur, t.d. var dýrara að hreinsa síða kápu en hálfkápu. Einnig var tekið í kílóhreinsun, þ.e. hreinsað eftir vigt (verð hljóp á ½ kg), en þá var aðeins hreinsað, hvorki bletthreinsað né gufupressað.

Heimild: Tekið saman í janúar 2011, af Þóru, Maríu og Birni Hrafnbörnum.

María Hrafnadóttir afhenti safnið 23. mars 2011.

Tímabil: 1922-1983.

Fremst í öskju nr. 1 er eintak af formála, útprentun af auglýsingu úr Eimreiðinni frá 1950 og útprentun af ljósmynd frá Laugavegi 73 sem tekin er 1946.

Skjalaskrá

Bréfa- og málasafn

Askja 1

Bréfa- og málasafn, fundargerðabækur, skjöl og bókhald 1922-1981.

Fundargerðabók Gufupressunar Stjörnu, 1. september 1949 til 28. mars 1961. Hlutfélag er stofnað um reksturinn og lög félagsins eru fremst í bókinni.

Fundargerðabók Gufupressunar Stjörnu, aðalfundir, 30. mars 1971 til 31. mars 1978. Fremst í bókinni er listi yfir hluthafa, án árs.

Örk 1

Fasteignamat Reykjavíkur. Laugavegur 73, eign Böðvars Jónssonar, 19. júlí 1922, 2 eintök.

Bæjarfógetinn í Reykjavík. Veðbókarvottorð, 2. desember 1927.

Íslands Banki. Tryggingabréf, 15. desember 1927.

Landsbanki Íslands. Veðdeildarlán, 9. desember 1927, aflýsing 25. nóvember 1952.

Landsbanki Íslands. Tryggingabréf, 25. apríl 1928, aflýsing 27. september 1928.

Landsbanki Íslands. Afsalsbréf, Böðvar Jónsson selur Gunnari Sigurðssyni Laugaveg 73, 5. september 1928.

Brunabótaskírteini, 7. september 1928.

Bæjarfógetinn í Reykjavík. Virðingagjörð, 12. september 1928.

Landsbanki Íslands. Tryggingabréf, 18. september 1928.

Landsbanki Íslands. Veðdeildarlán, 19. september 1928, aflýsing. 25. nóvember 1952.

Umslag merkt Sigurður E. Guðmundsson: Minnispointar og teikningar vegna lóðarmarka Laugavegs 73, 1977.

Umslag merkt tilboð og sölusamningur og kvittun Laugaveg 73. Arndís Björnsdóttir og Ottó Schopka kaupa alla eignina Laugaveg 73, kauptilboð 6. ágúst og kvittun 3. september 1981.

Auglýsingar frá Gufupressunni Stjörnu í Kirkjustræti, sem bornar voru í skip sem komu til Reykjavíkur. Auglýsingarnar eru handskrifaðar og eru á dönsku, ensku og þýsku, án árs. Verðlisti yfir kemiska hreinsun, september 1942.

Bókhald

Dagbók, tekjur og gjöld, 14. október 1932 til 31. desember 1934.

Dagbók, tekjur og gjöld, 2. janúar 1935 til 31. desember 1936.

Askja 2

Bókhald 1937-1954.

Dagbók, tekjur og gjöld, 2. janúar 1937 til 31. desember 1938.

Dagbók, tekjur og gjöld, 3. janúar 1935 til 31. janúar 1941.

Dagbók, tekjur og gjöld, 4. janúar 1944 til 31. desember 1948.

Dagbók, tekjur og gjöld, 3. janúar 1949 til 31. desember 1956.

Dagbók, tekjur og gjöld, 2. janúar 1952 til 31. desember 1954.

Askja 3

Bókhald 1955-1979.

Dagbók, tekjur og gjöld, 3. janúar 1955 til 31. desember 1959.

Dagbók, tekjur og gjöld, 1. október 1957 til 30. apríl 1970.

Dagbók, tekjur og gjöld, 4. janúar 1960 til 31. desember 1964. Fremst í bókinni eru kvittanir fyrir innborgunum í Landsbanka Íslands, 1968, 1969 og 1979.

Dagbók, tekjur og gjöld, 2. janúar 1965 til 31. júlí 1968. Fremst í bókinni er viðurkenning fyrir móttöku atvinnurekstrartilkyningar 11. janúar 1967, bréf um framkvæmd laga um bókhald 1968, skattframtal 1969, hlutafjár-samtalningsblað 1968, launamiðafylgiskjal og launamiðar 1969.

Askja 4

Bókhald 1968-1983.

Dagbók, tekjur og gjöld, 1. ágúst 1968 til 31. desember 1973. Fremst í bókinni er skattframtalsblað 1973.

Dagbók, tekjur og gjöld, 2. maí 1970 til 31. október 1974.

Dagbók, tekjur og gjöld, 2. janúar 1974 til 31. desember 1976. Fremst í bókinni er álagningarseðill frá 1972, skattframtöl fyrir árin 1973 og 1974, rekstrar- og efnahagsreikningur fyrir árið 1973 (4 eintök), launamiðafylgiskjal 1974, samtalningsblað fyrir hlutafé 1976.

Dagbók, tekjur og gjöld, 1. janúar 1977 til 14. janúar 1983.

Askja 5

Bókhald 1941-1967.

Sjóðbók, 2. janúar 1941 til 30. nóvember 1944.

Sjóðbók, 1. desember 1944 til 31. desember 1947.

Sjóðbók, 2. janúar 1948 til 27. janúar 1967.

Launabókhald, janúar 1953 til október 1954.

Mappa: Fylgiskjöl 1946.

Mappa: Fylgiskjöl 1947.

Mappa: Fylgiskjöl 1948.

Mappa: Fylgiskjöl 1949.

Umslag: Fylgiskjöl 1950.

Umslag: Fylgiskjöl 1951.

Umslag: Fylgiskjöl 1952.

Umslag: Fylgiskjöl 1953.

Umslag: Fylgiskjöl 1954.

Umslag, á því stendur Elly Haraldsdóttir. Fylgiskjöl 1954-1956.

Umslag: Fylgiskjöl 1955.

Umslag: Fylgiskjöl 1956.

Umslag: Fylgiskjöl 1957.

Askja 6

Bókhald 1958-1971.

Umslag: Fylgiskjöl 1958.
Umslag: Fylgiskjöl 1959.
Umslag: Fylgiskjöl 1960.
Umslag: Fylgiskjöl 1961.
Umslag: Fylgiskjöl 1962.
Umslag: Fylgiskjöl 1963.
Umslag: Fylgiskjöl 1964.
Umslag: Fylgiskjöl 1965.
Umslag: Fylgiskjöl 1966.
Böggull. Reikningar 1967.
Böggull. Reikningar 1968.
Böggull. Reikningar 1969.
Böggull. Reikningar 1970.
Böggull. Reikningar 1971.

Askja 7

Bókhald 1975-1981.

Böggull. Reikningar 1975.
Böggull. Reikningar 1976.
Böggull. Reikningar 1977.
Böggull. Reikningar 1980.
Böggull. Reikningar 1981.

*Skráð í september 2011
Gréta Björg Sörensdóttir*